

173 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Bogadóttur 15. nóv. og Guðmundar Þorvarðssonar frá Sjólyst, Hellissandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. nóvember 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Bogadóttur og Guðmundar Þorvarðssonar frá Sjólyst, Hellissandi.

Stofnaður hefur verið sjóður til minningar um hjónin Sigríði Bogadóttur og Guðmund Þorvarðsson með kr. 10000.00 — kr. tíu þúsund —, sem minningargjöf frá syni þeirra Boga Guðmundssyni og konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Bogadóttur og Guðmundar Þorvarðssonar.

2. gr.

Sjóðnum skal varið til kaupa á lækningatækjum til notkunar á Hellissandi.

3. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningargjöfum um Sigríði Bogadóttur og Guðmund Þorvarðsson og eru það aðaltekjur hans. Aðrar tekjur eru sá hluti vaxta, sem ekki verður úthlutað.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða meir en um $\frac{3}{4}$.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur, búsettar á Hellissandi. Skulu þær kosnar til þriggja ára í senn á aðalfundi Kvenfélags Hellissands. Í fyrsta sinni á aðalfundi árið 1962.

Stjórnin skal halda bók yfir sjóðinn og færa þar nöfn og fjárhæðir gefenda, svo og upphæðir þær, sem úthlutað verður úr sjóðnum. Einnig sér stjórnin um, að sjóðurinn sé ávaxtaður í öruggri peningastofnun.

6. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera endurskoðendur Kvenfélags Hellissands.

7. gr.

Ef Kvenfélag Hellissands skyldi hætta störfum, svo það getur ekki kosið stjórn né endurskoðendur sjóðsins, þá skal sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu kjósa stjórn og endurskoðendur sjóðsins.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.